

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

27. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 14. ágúst kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru:

Samúel Kristjánsson oddviti, Örn Elías Guðmundsson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir og Ásgeir Hólm Agnarsson.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gættri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Skipulag hafs og strandsvæða – skipulag innan hafnarsvæðis Súðavíkurhafnar.
3. Jafnréttisáætlun Súðavíkurhrepps.
4. Fundargerð 11. fundar skipulags-,bygginga-,umhverfis- og samgöngunefndar.
5. Fundargerð 12. fundar skipulags-,bygginga-,umhverfis- og samgöngunefndar.
6. Fundargerð 8. fundar fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynninganefndar.
7. Fundargerð 6. fundar atvinju- og landbúnaðarnefndar.
8. Ljósleiðari í Súðavíkurþorpi og Djúpi.
9. Dýpkun Súðavíkurhafnar.
10. Skipulag – mat á umhverfisáhrifum.
11. Erindi frá Reykjanesi.
12. Erindi frá Vilborgu Arnarsdóttur.

Afgreiðsla erinda:


1. Skýrsla sveitarstjóra.
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og farið yfir einstaka liði.
2. Skipulag hafs og strandsvæða – skipulag innan hafnarsvæðis Súðavíkurhafnar.
Sveitarstjóra falið að kanna hver og á hvaða forsendum er bær til þess að gefa út rekstrarleyfi fyrir fiskeldi innan athafnasvæðis hafnar.
3. Jafnréttisáætlun Súðavíkurhrepps.
Athugasemdir Jafnréttisstofu skoðaðar og áætlun lagfærð til samræmis við ábendingar og lagabreytingar.
4. Fundargerð 11. fundar skipulags-,bygginga-,umhverfis- og samgöngunefndar.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
5. Fundargerð 12. fundar skipulags-,bygginga-,umhverfis- og samgöngunefndar.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
6. Fundargerð 8. fundar fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynninganefndar.
5. liður fundargerðar freast vegna COVID-19.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
7. Fundargerð 6. fundar atvinnu- og landbúnaðarnefndar.
Sveitarstjórn tekur undir með atvinnu- og landbúnaðarnefnd og áréttar að mikilvægt er að hafa raforkumál í Inndjúpi áreiðanlegri varðandi afhendingaröryggi og varafl.

- Fundargerð samþykkt samhljóða.
8. Ljósleiðari í Súðavíkurþorpi og Djúpi.
Sveitarstjórn áréttar mikilvægi þess að klára ljósleiðaratengingar í sveitarféluginu. Þá verður farið í að innheimta tengigjöld vegna ljósleiðara þar sem þeirri tengingu hefur verið komið á.
 9. Dýpkun Súðavíkurhafnar.
Verkefnið kynnt og svar UST um matsskyldu/tilkynningarskyldu kunngert.
 10. Skipulag – mat á umhverfisáhrifum.
Sveitarstjórn telur framkvæmdina ekki matsskylda vegna losunar dýpkunarefnis frá Súðavíkurhöfn, enda verði tekin afstaða til matsskyldu þeirrar framkvæmdar í heild síðar sem varðar landfyllingu innan Langeyrar. Byggingarfulltrúa falið ásamt sveitarstjóra að fylgja málinu eftir.
 11. Erindi frá Reykjanesi.
Tekin fyrir erindi frá rekstraraðila í Reykjanesi.
Sveitarstjórn harmar að rekstur hótels í Reykjanesi liggi niðri og vonast til þess að lausn fáist í ágreiningi við Ísafjarðarbæ og Orkubúið varðandi nýtingu á heitu vatni og rekstrargrundvöllur ferðaþjónustu verði tryggður. Súðavíkurhreppur hefur ekki verið aðili að þessum samskiptum enda ekki landeigandi eða á annan hátt ábyrgur gagnvart rekstri eða réttindum í Reykjanesi. Súðavíkurhreppur lýsir sig reiðubúinn til þess að koma að samræðugrundvelli ef nokkur kostur er.
 12. Erindi frá Vilborgu Arnarsdóttur.
Erindi vísað til fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefndar að fenginni umfjöllun skipulags- og bygginganefndar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:36


Elsa G. Borgarsdóttir




Karl Guðmundur Kjartansson



Örn Elías Guðmundsson



Ásgeir Hólm Agnarsson



Samúel Kristjánsson oddviti

